

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 4/2022

Kæra Cromwell Rugs ehf. á ákvörðun Neytendastofu 31. mars 2022 í máli nr. 9/2022.

1. Þann 12. apríl 2023 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 4/2022: Kæra Cromwell Rugs ehf. á ákvörðun Neytendastofu 31. mars 2022. Í málinu úrskurða Halldóra Þorsteinsdóttir, Áslaug Árnadóttir og Gunnar Páll Baldvinsson.
2. Með kæru, dags. 28. apríl 2022, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála þá ákvörðun Neytendastofu að leggja á kæranda sekt að fjárhæð 1.000.000 krónur. Kærandi krefst þess aðallega að felld verði úr gildi sú ákvörðun Neytendastofu að leggja á kæranda sekt, en til vara að álögð sekt verði lækkuð.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 23. desember 2021, var vísað til auglýsinga kæranda sem birtust í Morgunblaðinu á tímabilinu 5.-21. desember 2021 og tekið fram að þar hefði kærandi kynnt lækkað verð án þess að tilgreina almennt verð og tímabil útsölu. Vegna þessa var vakin athygli kæranda á ákvæðum 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. 11., sbr. og 5. gr., laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Kom m.a. fram að útsölu eða lækkað verð mætti aðeins auglýsa væri um raunverulega verðlækkun að ræða og skyldi þá koma fram hvert upprunalegt verð vöru væri. Þá gildi sú regla eftir 3. gr. reglna nr. 366/2008 um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði að seljandi skuli geta sannað að vara eða þjónusta hafi verið seld á því verði sem tilgreint væri sem fyrra verð. Með hliðsjón af þessu var þess farið á leit að kærandi afhenti gögn sem sýndu fram á að 12 nánar tilgreindar vörur kæranda hefðu áður verið seldar á þeim verðum sem birst hefðu í auglýsingu kæranda í Morgunblaðinu 21. desember 2021.
5. Fram kom í bréfinu að í auglýsingu kæranda hefði verið að finna 12 teppi merkt á lækkuðu verði. Í auglýsingunni væri að finna tvö verð sem hvert og eitt teppi hefði verið selt á ásamt því sem fram kæmi að teppin væru nú á enn lægra verði. Hins vegar væri engar upplýsingar að finna um núverandi verð varanna. Stofnunin vísaði einnig til þess að auglýsingum kæranda í október 2021 hefði kærandi kynnt „KRÍSU-ÚTRÝMINGARSÖLU“ auk þess sem hann hefði auglýst að heildsalan yrði aðeins opin almenningi í 9 daga. Í auglýsingum sem birst hafi í

Morgunblaðinu 4., 5., 11., 12. og 21. desember 2021 hafi teppin aftur verið auglýst og þá komið fram að um síðustu teppin væri að ræða og enn meiri afsláttur væri veittur. Þannig hefði kærandi t.d. auglýst 11. og 12. desember „Restar. Síðustu teppin – enn meiri afsláttur. Allt verður að seljast! Þar sem það er lítið eftir þá er það fyrstur kemur fyrstur fær“ og þann 21. desember „Við höfum loksins fengið teppin okkar úr tollinum! Nú opnum við vöruhúsið fyrir almenning í aðeins 3 daga! Margir Íslendingar hafa keypt draumateppið hjá okkur. En þú?“.

6. Í bréfi Neytendastofu kom fram að við mat á því hvort háttsemi kæranda félli undir ákvæði laga nr. 57/2005 og reglur sem stofnunin hefði eftirlit með þyrfti að horfa til þess að kærandi hefði í auglýsingum frá því í október 2021 haldið fram að sölutímabil hans væri stutt. Þá hefði í auglýsingum frá 4. og 5. desember verið tekið fram að um seinustu eintök teppanna væri að ræða og neytendur verið hvattir til að flýta sér að fjárfesta í teppi á enn lægra verði. Þrátt fyrir það hefði 11. og 12. desember verið auglýst að sölu teppanna yrði haldið áfram þá helgi á enn lægra verði en áður og að salan yrði „einungis þá helgi“. Kærandi hefði engu að síður aftur birt auglýsingu í Morgunblaðinu 21. desember 2021 þar sem fram hefði komið að vöruhúsið yrði opnað að nýju en aðeins í þrjá daga og að teppin yrðu á enn lægra verði en áður.
7. Með hliðsjón af þessu óskaði Neytendastofa skýringa og athugasemda kæranda við erindi stofnunarinnar. Þá var tekið fram að teldust viðskiptahættir kæranda hafa brotið gegn lögum og reglum sem stofnunin hefði eftirlit með kynni að verða litið til fyrri ákvörðunar Neytendastofu í máli nr. 42/2021 vegna sambærilegra brota kæranda.
8. Með bréfi lögmanns kæranda til Neytendastofu, dags. 10. janúar 2022, var fyrrgreindu erindi stofnunarinnar svarað. Í bréfinu kom fram að í 11. gr. laga nr. 57/2005 væri kveðið á um að vöru sem seld væri á lækkuðu verði mætti aðeins auglýsa ef um raunverulega verðlækkun væri að ræða. Þetta fæli í sér að vara yrði að hafa verið til sölu á fyrra verðinu áður en hún væri auglýst á lækkuðu verði. Orðalag 3. gr. reglna nr. 366/2008 sem sækta stóð í lögum virtist ganga lengra og gera þá kröfu að vara hafi verið seld á fyrra verðinu. Óljóst væri af bréfi Neytendastofu hvaða skilning stofnunin legði í þetta orðalag en samkvæmt orðanna hljóðan mætti ætla að þetta fæli í sér kröfu um að einungis væri heimilt að auglýsa vöru á lækkuðu verði ef varan hefði í raun selst á fyrra verðinu. Aftur á móti gæfi orðalag 11. gr. laga nr. 57/2005 til kynna að nóg væri að varan hefði verið boðin til sölu á fyrra verðinu og væri ekki nauðsynlegt að hún hafi selst á því verði. Þar sem reglurnar ættu stóð í lögumum gæti efni þeirra ekki farið út fyrir efnisleg mörk laganna. Með vísan til 11. gr. laganna sjálfra mætti telja víst að nóg sé að vara hafi verið til sölu á fyrra verði svo heimilt sé að auglýsa verðlækkun.
9. Með bréfinu fylgdu reikningar og staðfestingar á greiðslum sem kærandi taldi að sýndu að sambærileg teppi og þau sem auglýst höfðu verið 21. desember 2021 hefðu verið seld á verði sem væri sambærilegt auglýstu fyrra verði. Í því sambandi þyrfti að hafa í huga að hvert og eitt teppi væri einstakt og engin tvö eins. Gögnin sem væru lögð fram væru vegna teppa af sömu stærð og gerð en teppin væru ekki endilega nákvæmlega eins að öllu leyti. Þar sem verðmerking teppanna færi fram með ritun verðs á miða sem væri fastur við hvert og eitt teppi í verslun væri

ekki hægt að leggja fram óhrekjanleg gögn sem staðfestu fyrra söluverð teppanna. Gögnin sem fylgdu bréfinu væru þó sönnun þess að teppi af sömu gerð og stærð og hin auglýstu teppi hefðu verið seld á sama eða svipuðu verði og auglýstu fyrra verði.

10. Þá upplýsti kærandi að fyrirtækið starfrækti vefsíðu þar sem hluti af teppum þess væri aðgengilegur á hverjum tíma. Verslunin væri aðeins opin í stuttan tíma í senn, t.d. nokkra daga eða viku, og lokuð á öðrum tímum. Þess á milli gætu viðskiptavinir keypt teppi á vefsíðunni. Útsölur ættu sér aðeins stað er verslunin væri opin og næði útsalan bara til tiltekinna teppa.
11. Hvað verðmerkingar kæranda varðaði kemur fram í bréfinu að samkvæmt 17. gr. laga nr. 57/2005 skuli fyrirtæki merkja vöru með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustað að auðvelt væri fyrir neytendur að sjá það. Samkvæmt ákvæðinu gildi það einungis um verðmerkingar á sölustað en ekki í auglýsingum. Auglýsingar væru í eðli sínu ekki sölustaður heldur ákall til neytenda um að fara á sölustað. Í 3. gr. reglna nr. 536/2011 væri um verðmerkingar vísað til búðarglugga og vefsíðna eða „annars staðar.“ Ekki væri hægt að líta svo á að orðin „annars staðar“ feli í sér annað en almenna tilvísun til sölustaðar vöru. Samkvæmt þessu ætti fyrrgreind ákvæði ekki um við um auglýsingar kæranda.
12. Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005 sé kveðið á um að tiltekna upplýsingar eigi að koma fram í auglýsingum að teknu tilliti til auglýsingamiðilsins sem nýttur sé. Í f. lið sé vísað til þess að endanlegt verð vöru eigi að koma fram. Í lögskýringargögnum komi fram að sérstök áhersla sé lögð á að upplýsingar um endanlegt verð séu ekki settar fram á villandi hátt. Ljóst sé því að ákvæðinu sé aðallega ætlað að stemma stigu við vandamálum tengdum því að fyrirtæki hafi auglýst vörur án þess að setja fram endanlegt verð. Í því sambandi megi ætla að verð hafi verið sett fram án gjalda eða skatta og því verið villandi. Auglýsingar kæranda séu ekki dæmi um auglýsingar sem ætlunin sé að taka á með fyrrgreindu ákvæði. Enn fremur feli fyrrgreindur liður ekki í sér blátt bann við því að vara sé auglýst án verðs. Löng hefð sé t.d. fyrir því að vörur séu til sýnis í auglýsingum án þess að verð komi fram en í stað þess vísað til almennra afsláttarkjara. Neytendastofa hafi almennt ekki gert athugasemdir við slíkar auglýsingar.
13. Þessu til stuðnings er í bréfinu bent á að í Morgunblaðinu 21. desember 2021 hafi verið að finna níu dæmi um að vörur væru auglýstar án þess að verð kæmi fram. Í kringum jól megi ætla að tugir eða hundruð slíkra auglýsinga hafi birst. Kærandi óski eftir því að Neytendastofa upplýsi um hvort stofnunin hafi gert athugasemdir vegna framangreinds hjá fleiri fyrirtækjum, sbr. 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um jafnræði. Kæranda sé heimilt að auglýsa með sama hætti og önnur fyrirtæki og hafni því þar af leiðandi að hann hafi brotið þannig gegn ákvæðunum að rétt sé að sekta hann.
14. Í bréfinu kemur næst fram að Neytendastofa geri einnig athugasemd við auglýst tímabil útsölu hjá kæranda. Í 6. gr. laga nr. 57/2005 sé kveðið á um að auglýsingar og viðskiptaaðferðir skuli ekki ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað sé til óviðkomandi mála. Þetta sé nánar útfært í 7. tölul. 1. mgr. reglugerðar nr.

160/2009 þar sem kveðið sé á um ólögmati þess að halda því ranglega fram að vara verði aðeins fáanleg í mjög stuttan tíma. Kærandi hafni því að félagið hafi gerst brotlegt við umrædd ákvæði. Í viðtali sem birst hafi í Morgunblaðinu við fyrirsvarsmann kæranda 2. október 2021 hafi komið fram að verslunin yrði opin eins lengi og neytendur óskuðu. Verslunin hafi ekki verið opin með samfelldum hætti frá því í október heldur hafi hún að jafnaði verið lokað en opnuð í nokkra daga inn á milli. Orðalag auglýsinganna hafi verið þess efnis að verslunin yrði nú opnuð í nokkra daga og hafi það verið sannleikanum samkvæmt. Það hafi enda ekki verið fullýrt að vöruhúsið myndi aldrei opna aftur. Þá sé rétt að taka fram að á þeim tímapunkti hafi ekki legið fyrir nákvæmlega hversu lengi verslunin yrði opin.

15. Í auglýsingunum frá 4. og 5. desember 2021 hafi komið fram að síðustu teppin væru til sölu og að allt yrði að seljast. Þessi fullyrðing hafi verið rétt að öllu leyti enda hafi verslunin flutt inn einn gám af teppum áður en auglýsingin hafi verið birt. Í byrjun október 2021 hafi Tollstjóri haldlagt gám vegna ágreinings við kæranda um innflutningsverðmæti gámsins. Á meðan á haldlagningunni hafi staðið hafi gengið verulega á lager kæranda í verslun hans og hafi verið óvíst hvort verslunin héldi áfram. Fullyrðingarnar í auglýsingunum hafi því byggt á réttum upplýsingum. Salan í kjölfar þeirra hafi síðan ekki dugað til þess að rýma lagerinn og því hafi vöruhúsið aftur verið opnað, sbr. auglýsingar 11. og 12. desember 2021 þar sem kærandi hafi sagt að allt ætti að seljast þá helgina. Á þeim tímapunkti hafi staðið til að versluninni yrði lokað ef haldlagningu gámsins yrði ekki aflétt af Tollstjóra. Nokkrum dögum síðar hafi kærandi og Tollstjóri komist að samkomulagi um uppgjör aðflutningsgjalda og hafi haldlagningu þá verið aflétt. Í kjölfarið hafi kærandi birt auglýsingu 21. desember 2022 þar sem fullýrt hafi verið að félagið hafi loksins „fengið teppin okkar úr tollinum“ og tilkynnt um að vöruhúsið hefði opnað í tiltekinn tíma. Eins og þessi tímalína styðji hafi kærandi ekki haldið því fram ranglega að teppin yrðu fáanleg í mjög stuttan tíma, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009. Aldrei hafi verið kveðið á um lokadaga útsölnunnar heldur vísað til þess að vöruhúsið yrði opnað í tiltekinn tíma en að þeim tíma loknum lokað fyrir almenningi.
16. Í bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 28. janúar 2022, benti stofnunin á að í auglýsingum kæranda birtum 21.-23. desember 2021, hefði verið strikað yfir tvö verð og sagt að um enn meiri lækkun væri að ræða. Á þeim grundvelli hefði stofnunin farið fram á að félagið sannaði að vörunar hefðu áður verið seldar að báðum tilgreindum verðum. Hvað varðaði verðmerkingar benti stofnunin á að þótt f. liður 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005 tæki sérstaklega fram virðisaukaskatt og önnur opinber gjöld væri ákvæðið skýrt um að almenna reglan væri sú að óheimilt væri að auglýsa vörur án þess að birta endanlegt verð. Í fjölda mála hefðu verið teknar ákvarðanir um brot fyrirtækja á umræddu ákvæði og hefði stofnunin heimild til að forgangsraða málum, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005.
17. Í bréfinu kom næst fram að í auglýsingum kæranda hefði starfseminni ítrekað verið markaður stuttur tími. Í auglýsingum 11. og 12. desember segði „aðeins þessa helgi“ á tveimur stöðum ásamt því sem tilgreint væri að allt ætti að seljast. Í auglýsingum 21. – 23. desember hafi verið

tekið fram að vöruhúsið yrði opið fyrir almenning í „aðeins 3 daga“ og sagt að aðeins tveir dagar væru eftir. Loks hefði verið auglýst að um „lokadag“ væri að ræða. Í auglýsingum 8. og 9. janúar 2022 hefði jafnframt komið fram að vöruhúsið yrði opið í „aðeins tvo daga“ þann 8. janúar og einn dag þann 9. janúar. Í auglýsingum 15. og 16. janúar hefði síðan verið auglýst að vöruhúsið væri opið almenningi í tvo daga til viðbótar og að það myndi svo flytja til Akureyrar. Þrátt fyrir það hafi vöruhúsið opnað að nýju í Víkurhvarfi helgina 22. og 23. janúar. Í öðrum auglýsingum hefði einnig verið tekið fram að verslunin yrði opin í ákveðna daga til viðbótar. Þrátt fyrir allt framangreint hefði vöruhúsið verið opið almenningi með reglulegu millibili allt frá fyrstu opnun þess.

18. Nær allar auglýsingar kæranda hefðu borið yfirskriftina „Krísu – útrýmingarsala“. Þetta hefði áhrif á hvort neytendur tækju skyndiákvörðun um að kaupa vörur af félaginu þrátt fyrir að tilboðin hefðu verið auglýst í að verða fjóra mánuði. Í auglýsingum 4. og 5. desember 2021 hefði kærandi fullyrt að um seinustu teppin væri að ræða þrátt fyrir að ekkert hefði legið fyrir um það í reynd. Það kynni því að koma til skoðunar við mat á lögmæti viðskiptahátta kæranda hvort fullyrt væri um hluti sem enn væru óljósir.
19. Stofnunin benti síðan á 15. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009 um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir og tók fram að undir það félli að halda ranglega fram að söluaðili væri um það bil að hætta verslun eða flytja sig um set. Loks var bent á að í 2. og 3. gr. reglna nr. 366/2008 segði að þegar vara eða þjónusta hefði verði seld á lækkuðu verði í sex vikur skyldi lækkað verð vera venjulegt verð. Var óskað eftir skýringum og athugasemdum kæranda við framangreint.
20. Með bréfi lögmanns kæranda til Neytendastofu, dags. 10. mars 2022, bárust frekari athugasemdir kæranda. Þar kom fram að kærandi gerði þá skýru kröfu að hann nyti jafnræðis á við aðra. Finna mætti á hverjum degi fjölmörg mál þar sem fyrirtæki brytu gegn 10. gr. laga nr. 57/2005 um verðmerkingar og væri það látið átölulaust af hálfu stofnunarinnar. Því væri ekki hægt að rökstyðja viðbrögð gagnvart kæranda, m.a. bráðabirgðabann gegn viðskiptaháttum sem hann hefði verið beittur á grundvelli 3. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 og eina hæstu sekt sem stofnunin hefði ákvarðað í ákvörðun Neytendastofu nr. 42/2021.
21. Hvað varðaði opnunartíma verslunar kæranda hefði kærandi upplýst um að verslunin hefði ekki verið opin að staðaldri. Að lokinni hverri opnun hefði verið tekin ákvörðun um hvort opna ætti verslunina aftur síðar og það þá sérstaklega verið auglýst. Fyrir hverja opnun væri starfsmönnum flogið til Íslands og því fylgdi talsverður kostnaður. Ef sala á teppum hefði dregist verulega saman væri fyrirséð að verslun kæranda yrði lokað. Yfirlýsingar í auglýsingum kæranda þess efnis að verslunin yrði opin í aðeins þrjá daga hefðu því verið réttar. Um miðjan janúar hafi síðan staðið til að loka versluninni í Reykjavík og opna verslun á Akureyri eins og auglýst hafi verið 15. og 16. janúar 2021. Samningar hafi ekki náðst við staðarblöð um auglýsingar og því hafi verið hætt við opnunina. Með öðrum orðum hafi forsendur brostið fyrir opnun verslunarinnar á Akureyri og því verið ákveðið að opna aftur í Reykjavík. Fullyrðingar

auglýsinganna hafi því verið réttar. Þann 4. og 5. desember 2021 hafi kærandi auglýst að um seinustu teppin væri að ræða. Kærandi hefði lagt fram gögn með upplýsingum um samskipti við Tollstjóra sem styddu þá fullyrðingu. Í desember hafi útlit verið fyrir að loka þyrfti verslun kæranda á Íslandi til frambúðar. Úrval í verslun hafi verið orðið takmarkað og því verið auglýst að um seinustu teppin væri að ræða. Hefði Tollstjóri ekki tollafgreitt gáminn fyrir jól hefði þurft að loka verslun kæranda.

22. Í bréfi Neytendastofu hafi verið vísað til þess að kærandi hafi auglýst verðlækkunir frá 2. október til 23. janúar 2022. Þannig sé til skoðunar hvort auglýsingarnar um verðlækkun í svo langan tíma hafi falið í sér brot gegn 2. mgr. 2. gr. reglna nr. 366/2008. Í því sambandi bendi kærandi á að sex vikna reglunni um útsölur hafi verið fylgt í hvívetna. Sama teppið hafi aldrei verið á útsölu lengur en í sex vikur. Áður en sex vikur hafi verið liðnar af útsölnni á viðkomandi teppum hafi útsölnni lokið og útsala hafist á öðrum teppum.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

23. Í hinni kærðu ákvörðun kemur fram að málið varði birtingu endanlegs verðs í tengslum við auglýsta verðlækkun, tímalengd verðlækkunar og framsetningu upplýsinga í auglýsingum af hálfu kæranda. Í auglýsingum kæranda 21. til 23. desember 2021 hafi verið auglýst lækkað verð á tilgreindum teppum án þess að endanlegt verð teppanna eftir verðlækkun væri tilgreint. Þá hefði framsetning upplýsinga virst gefa til kynna að starfsemi vöruhúss kæranda væri markaður mjög stuttur tími þrátt fyrir að starfsemin hafi síðan haldið áfram og félagið í raun opnað verslunina fyrir neytendur með reglulegu millibili. Kæmi til skoðunar hvort kærandi hefði ranglega haldið því fram að teppin stæðu neytendum til boða í stuttan tíma. Var vísað til ákvæða 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr., f. liðar 1. mgr. 10. gr. og 11. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 ásamt 7. og 15. tölul. 1. gr. reglugerðar 160/2009 um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.
24. Í ákvörðuninni var næst vikið að sjónarmiðum kæranda tengdum meintum brotum á jafnræðisreglu stjórnsýslulaga. Fram kom að Neytendastofa hefði heimildir til að forgangsráða málum og meta út frá ýmsum þáttum hvort ástæða væri til rannsóknar mála. Veigamesti þáttur sem litið væri til væri hvort viðskiptahættir væru líklegir til að hafa áhrif á fjárhagslega hagsmuni neytenda og varða heildarhagsmuni þeirra. Undir rekstri málsins hafi kæranda verið gerð grein fyrir að stofnunin hefði í fjölda tilvika gert athugasemdir við auglýsingar þar sem verð væri ekki tilgreint þó ekki hafi verið talið tilefni til að taka mál til meðferðar að svo stöddu. Það fæli ekki í sér brot gegn jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga gagnvart kæranda. Í framkvæmd væri algengast að rannsókn hæfist á grundvelli ábendinga frá neytendum eða keppinautum fyrirtækja um möguleg brot. Í máli kæranda hafi stofnuninni borist ábendingar um viðskiptahætti hans sem hafi snúið að fleiri atriðum auglýsinganna en að verð væri ekki tilgreint og í framhaldinu hafi verið tekin ákvörðun um frekari rannsókn. Væri það í fullu samræmi við eftirlitshlutverk stofnunarinnar.

25. Því næst var efni fyrrgreindra laga og reglna rakið og tekið fram að í auglýsingum kæranda 21.-23. desember 2021 hefði ekki verið gætt að því að birta endanlegt verð fyrir teppin sem þar voru auglýst á lækkuðu verði. Í svörum kæranda hafi komið fram að skylda 17. gr. laga nr. 57/2005 fæli ekki í sér skyldu til að verðmerkja í auglýsingum enda aðeins rætt um skyldu til að verðmerkja á sölustað. Þá hefði kærandi tekið fram að ekki væri hægt að túlka 3. gr. reglna nr. 536/2011 rýmra en reglugerðarheimildina sjálfa. Að mati stofnunarinnar sé ákvæði f. liðar 10. gr. laga nr. 57/2005 hins vegar skýrt um þá skyldu seljenda að birta endanlegt verð þegar vara sé auglýst. Fallast megi þó á að af orðalagi 3. mgr. 3. gr. reglna nr. 536/2011 um að einingarverð skuli tilgreint í auglýsingum leiði að það ákvæði feli ekki í sér sjálfstæða skyldu til þess að tilgreina verð í auglýsingum. Orðalag 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005 feli hins vegar ekki í sér valrétt fyrirtækja um hvort veittar séu upplýsingar um endanlegt verð heldur skyldu þess efnis. Þó að ákvæðið taki sérstaklega fram „virðisaukaskatt og önnur opinber gjöld“ dragi það ekki úr þeirri skyldu að endanlegt verð skuli birt. Í málinu liggja ljóst fyrir að kærandi hafi ekki birt endanlegt verð þeirra teppa sem komu fram í auglýsingum félagsins í Morgunblaðinu 21.-23. desember 2021. Með þeirri háttsemi hafi kærandi brotið gegn 1. mgr. 8. gr. og f. lið 1. mgr. 10. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.
26. Í málinu reyni einnig á það hvort kærandi hafi auglýst verðlækkun lengur en sex vikur og þar með brotið gegn 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 og 3. gr. reglna nr. 366/2008. Eins og kærandi hafi tekið fram hafi auglýsingar um verðlækkun ekki átt við um sömu vöruna í lengri tíma en sex vikur og verðlækkunin því breytingum háð. Með hliðsjón af því og upplýsingum í auglýsingum félagsins telji stofnunin ekki tilefni til frekari aðgerða hvað varði þátt málsins.
27. Einnig komi til skoðunar hvort kærandi hafi með framsetningu upplýsinga í auglýsingum sínum um takmarkaðan opnunartíma brotið gegn 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 ásamt 7. og 15. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009. Eins og fram hafi komið hafi því ítrekað verið haldið fram að verslunin yrði aðeins opin í ákveðinn tíma. Þá hafi því jafnframt verið haldið fram að teppi félagsins stæðu aðeins til boða í takmarkaðan tíma. Í auglýsingum í Morgunblaðinu dagana 4. og 5. desember hafi sérstaklega verið tekið fram að um „síðustu teppin“ væri að ræða og að við sölua gildi „fyrstur kemur fyrstur fær“. Í auglýsingum 11. og 12. desember hafi síðan sagt „Aðeins þessa helgi – stór helgi – allt á að seljast!“. Tímabilið 21.-23. desember hefði verið auglýst að verslunin yrði aðeins opin í tiltekna daga og loks sagt í auglýsingu 23. sama mánaðar að um lokadag væri að ræða. Þá hafi í auglýsingum 8. og 9. janúar 2022 verið tekið fram að verslunin yrði aðeins opin í tiltekna daga.
28. Þegar seljandi tæki fram að verslun væri aðeins opin í ákveðinn tíma legði hinn almenni neytandi þann skilning í auglýsinguna að verslunin yrði einungis opin í þá daga og starfsemi síðan hætt. Hið sama ætti við um að tiltaka lokadag. Að mati Neytendastofu hefði kærandi með auglýsingum sínum fullyrt að verslunin væri um það bil að hætta. Þrátt fyrir að ekki hafi komið fram bein yfirlýsing um að verslunin yrði ekki opnuð aftur hefði kærandi engu að síður haldið

því fram að vörurnar stæðu neytendum einungis til boða í mjög stuttan tíma og þannig hvatt neytandann til þess að taka skyndiákvörðun svo hann hefði ekki tíma og tækifæri til að taka upplýsta ákvörðun. Eins og kærandi hefði sjálfur bent á hefði eftir hverja opnun verið tekin ákvörðun um hvort verslunin yrði opnuð aftur. Að sögn kæranda væri því ekki ófyrirsjáanlegt að verslunin myndi opna að nýju og því einn möguleikinn að verslunin opnaði aftur. Það hefði og gerst ítrekað á starfstíma verslunarinnar. Opnunartímar hafi verið nokkuð reglubundið um helgar frá og með 27. nóvember 2021 þrátt fyrir einstaka frávik og auglýsingar verið í samræmi við það.

29. Að mati Neytendastofu renni þessi málaltilbúnaður kæranda stöðum undir að í auglýsingunum hafi því verið haldið fram að félagið væri um það bil að hætta starfsemi sinni þrátt fyrir að engar líkur væru á því. Engu breytti þar um þótt kærandi hefði staðið í ágreiningi við Skattinn um tollverðmæti teppanna enda hafi þá enn verið möguleiki á að samkomulag næðist um verðmætin og verslunin síðan opna. Það sama ætti við um aðgengi neytenda að teppunum enda hefði það ekki legið ljóst fyrir að teppin myndu ekki standa neytendum til boða að nýju. Kærandi hefði m.ö.o. haldið fram staðreyndum sem enn var óvissa um.
30. Hvað varðaði flutning til Akureyrar hafi kærandi lýst því að ekki hafi náðst samningar við staðarblöð á Akureyri um auglýsingar og forsendur því brostið fyrir flutningi. Með hliðsjón af þessu telji Neytendastofa ljóst að ekki hafi verið búið að ganga frá mögulegum flutningi með þeim hætti að hægt væri að fullyrða að verslunin væri að flytja sig um set. Með því að halda því fram að verslunin færi til Akureyrar þrátt fyrir að samningar hefðu ekki náðst um auglýsingar í staðarblöðunum hefði kærandi fullyrt um aðstæður sem enn væri óvissa um.
31. Að framangreindu virtu væri það mat stofnunarinnar að kærandi hefði haldið því ranglega fram að hann væri að hætta og að verslunin yrði flutt. Þá hefði kærandi jafnframt ranglega haldið fram að teppin væru aðeins fáanleg í mjög stuttan tíma í því skyni að fá neytandann til að taka skyndiákvörðun sem að hann hefði hvorki tíma né tækifæri til að taka upplýsta ákvörðun. Hefði kærandi með háttsemi sinni brotið gegn 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 ásamt 7. og 15. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009. Við mat á alvarleika brotanna yrði að hafa hliðsjón af því að kærandi hefði frá upphafi starfsemi hér á landi reglulega birt upplýsingar um að verslunin yrði aðeins opin fáa daga, m.a. í eldri auglýsingu 2. október 2021 í Morgunblaðinu þar sem tekið var fram að heildsala félagsins væri aðeins opin almenningi í 9 daga. Þessari háttsemi hefði félagið svo haldið áfram fyrrgreind tímabil og aftur 5.-6., 12.-13., 19.-20. og 26.-27. mars þar sem tiltekið hafi verið „Aðeins þessa helgi“.
32. Með vísan til þessa væru kæranda bannaðir viðkomandi viðskiptahættir. Með vísan til þess sem fram hefði komið, umfangs brota kæranda, þess að brotið var gegn viðskiptaháttum sem teldust óréttmætir og áhrifa þeirra á fjárhagslega hagsmuni neytenda teldi stofnunin einnig rétt að leggja á kæranda sekt í samræmi við heimild a. liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005. Með vísan til fyrrgreindra sjónarmiða teldi stofnunin brot kæranda alvarleg og til þess fallin að raska verulega fjárhagslegum hagsmunum neytenda auk þess að stríða gegn góðum viðskiptaháttum.

Að teknu tilliti til þess, umfangs brotsins og jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga væri hæfileg sekt ákvörðuð 1.000.000 króna.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

33. Í kæru, dags. 2. maí 2022, er þess aðallega krafist að felld verði úr gildi ákvörðun Neytendastofu um að leggja á kæranda sekt en til vara að álögð sekt verði lækkuð. Þar er fyrst tekið fram að Neytendastofa hafi árið 2021 tekið ákvörðun í öðru máli kæranda nr. 42/2021 þar sem lögð hafi verið á kæranda sekt að fjárhæð 3.000.000 krónur vegna fullyrðinga um verðlækkanir og tilboð. Með úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 14/2021 hafi hluti ákvörðunarinnar verið felldur úr gildi og sektarfjárhæð lækkuð úr 3.000.000 krónum í 1.000.000 krónur. Hin kærða ákvörðun lúti að því að kærandi hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 með því að auglýsa mottur án þess að endanlegt verð hafi komið fram í auglýsingu 21. desember 2021 og með því að auglýsa að verslunin yrði aðeins opin í tiltekinn fjölda daga. Loks hafi í hinni kærðu ákvörðun verið litið svo á að það hafi verið villandi gagnvart neytendum að auglýsa lokun verslunarinnar í Reykjavík en opnun á Akureyri. Hafi kæranda verið gert að greiða 1.000.000 krónur í stjórnvaldssekt.
34. Kærandi byggir á að fjárhæð stjórnvaldssektar þeirrar er lögð hafi verið á kæranda sé of há. Þegar horft sé til fyrri ákvarðana stofnunarinnar og úrskurða áfrýjunarnefndar neytendamála veðri að telja sektina úr hófi og að rétt hefði verið að lækka hana eða sleppa með öllu. Vísi kærandi í því sambandi til meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 enda sé sektin með hæstu sektum sem stofnunin hafi lagt á fyrirtæki. Við mat á sektarfjárhæð verði að líta til þess að brot kæranda hafi verið lítilvæg. Hann hafi vissulega ekki birt endanlegt verð í auglýsingu sinni 21. desember 2021 en brotið hafi hins vegar ekki verið alvarlegra en svo að Neytendastofa hafi látið níu önnur sambærileg brot í Morgunblaðinu sama dag óátalin. Út frá sjónarmiðum um jafnræði megi velja upp hvort slík stjórnsýslufrákvæmd sé eðlileg en það veiti að minnsta kosti vísbendingu um að stofnunin álíti þetta léttvægt brot.
35. Hvað varði fullyrðingar kæranda um að verslunin hafi einnig verið opin í nokkra daga sé óumdeilt að sú fullyrðing sé rétt, enda sé verslunin ekki opin að staðaldri heldur opnuð af hentugleika í eina helgi eða svo er starfsmönnum sé flogið til landsins. Þótt framsetningin kunni að vera villandi verði vart talið að um alvarlegt brot sé að ræða. Í úrskurðum áfrýjunarnefndar neytendamála síðastliðinn áratug megi m.a. vísa til máls nr. 17/2012, þar sem lögð var 500.000 króna sekt á Hagkaup í kjölfar þess að afsláttarprósenta var ekki tilgreind á „Tax free“ dögum, máls nr. 3/2017 þar sem engin sekt var lögð á í tilefni af brotum Makklands á lögum nr. 57/2005 og loks mál nr. 9/2019 þar sem Húsasmiðjan fékk 400.000 króna sekt fyrir að tilgreina ekki rétt prósentuhlutfall á Tax free afsláttardögum. Úr smiðju Neytendastofu megi vísa til ákvarðana nr. 16/2020, 23/2020, 39/2020 og 11/2021 en öll málin varði ólögðmætar auglýsingar, verðmerkingar eða tilboð. Hæsta sektin sem lögð hafi verið á hafi verið 500.000 króna sekt á Bauhaus fyrir alvarlegra brot en í hinni kærðu ákvörðun. Hér megi einnig vísað til ákvörðunar í máli nr. 43/2015 þar sem lögð hafi verið 150.000 króna sekt á Olíuverzlun Íslands hf. fyrir að

hafa ekki í fjölmörgum tilvikum staðið að verðmerkingum með réttum hætti. Framangreindar úrlausnir hafi beinst að alvarlegri brotum gegn neytendum en brot kæranda en samt séu sektarfjárhæðir lægri.

36. Ítrekunaráhrif geti ekki útskýrt sektarfjárhæðina í hinni kærðu ákvörðun. Hin ólögmeta háttsemi sem sé til skoðunar, a.m.k. sú háttsemi sem snúi að opnunartíma kæranda, hafi verið viðhöfð frá því að kærandi hóf starfsemi á Íslandi í september/október 2021. Neytendastofu hafi því verið í lófa lagið frá öndverðu, þ.e. einnig í eldri ákvörðun í máli kæranda nr. 42/2021, að gera athugasemdir við fullyrðingar um að verslun kæranda yrði aðeins opin í tiltekinn tíma. Kærandi hafi með réttu mátt halda að orðalag í auglýsingum um opnunartíma væri í samræmi við lög og reglur í ljósi þess að Neytendastofa hafi ekki gert athugasemdir við þennan þátt auglýsinganna í öndverðu. Stofnunin hefði átt að hafa þetta til hliðsjónar við mat á sektarfjárhæð.
37. Í langflestum tilvikum séu ekki lagðar sektir á fyrirtæki nema fyrirtæki hafi hundsað fyrirmæli Neytendastofu. Þegar sektir hafi verið lagðar á hafi þær verið á bilinu 50.000-150.000 krónur. Kærandi hafi enga viðvörun fengið en samt fengið með hæstu sektum í sögu Neytendastofu. Með vísan til framangreinds verði að telja að sektarákvörðun stofnunarinnar brjóti gegn 11. gr. stjórnisýslulaga um samræmi og jafnræði á við aðra söluaðila. Miðað við hina kærðu ákvörðun megi ætla að brot kæranda séu hin alvarlegustu sem komið hafi inn á borð stofnunarinnar. Svo sé hins vegar ekki enda um lítilvæg brot að ræða sem beri að virða með sama hætti og önnur minni brot sem stofnunin hafi tekið afstöðu til. Þá þurfi að gæta meðalhófs við álagningu sektar.
38. Með bréfi, dags. 14. maí 2022, var Neytendastofu gefinn kostur á að gera athugasemdir við kærana. Stofnunin gerði það með greinargerð sem barst áfrýjunarnefndinni með bréfi, dags. 2. júní 2022. Í greinargerðinni kemur fram að brot kæranda hafi ekki aðeins falið í sér brot á reglum um verðmerkingar heldur brot gegn reglugerð nr. 160/2009 um óréttmæta viðskiptahætti. Að mati Neytendastofu sé almennt séð um alvarleg brot að ræða þegar háttsemi fyrirtækis varði við þá reglugerð. Með vísan til þess sé hafnað þeim sjónarmiðum kæranda að ákvörðunin hafi brotið gegn jafnræðisreglu vegna annarra mála og að brotin teljist léttvæg enda um eðlisólík brot að ræða en í þeim ákvörðunum sem kærandi vísi til.
39. Hvað varði athugasemdir kæranda í tengslum við að viðskiptahættirnir hafi verið viðhafðir áður en eldri ákvörðun í máli 42/2021 hafi verið tekin vísi stofnunin til þess að þá hafi ekki legið ljóst fyrir að verslunin yrði opin eins lengi og raun bar vitni og að fullyrðingar þess efnis yrðu eins afgerandi og ítrekaðar og raunin varð. Þá hafi fullyrðingar um opnun á Akureyri ekki verið komnar fram þegar eldra málið hafi verið til skoðunar. Jafnframt megi benda á að stofnunin hafi talið tilefni til bráðabirgðaákvörðunar í málinu vegna fullyrðinga kæranda um stuttan opnunartíma þar sem ekki hafi legið fyrir á þeim tíma að það yrði opið eins lengi og síðan varð. Við meðferð þess máls hafi stofnunin því staðið í þeirri trú að kærandi myndi fljótt hætta starfsemi. Það hafi ekki orðið og í kjölfarið hafi stofnunin talið tilefni til aðgerða í tengslum við fullyrðingar sem voru til umfjöllunar í hinni kærðu ákvörðun.

40. Neytendastofa hafni því jafnframt að hafa brotið gegn meðalhófsreglu 12. gr. stjórnarsýslulaga, enda hafi sektin verið metin hæfilega innan ramma 2. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 með hliðsjón af alvarleika þeirra brota sem hin kærða ákvörðun hafi varðað. Þá beri að líta til þess að ákvörðun stofnunarinnar hafi varðað tvíþætt brot, þ.e. annars vegar skort á verðmerkingum og hins vegar fullyrðingar sem fólu í sér óréttmæta viðskiptahætti í skilningi fyrrnefndrar reglugerðar. Hvað athugasemdir kæranda um viðvaranir varði vísi stofnunin til þess að með hliðsjón af alvarleika brota félagsins hafi þótt við hæfi að leggja sekt á félagið. Um hafi verið að ræða tvíþætt brot og brot sem fól í sér að neytendur voru blekkir þannig að þeir voru líklegir til að taka skyndiákvörðun um kaup á vörum kæranda. Alvarleiki brotanna réttlæti að mati stofnunarinnar hina kærðu sektarákvörðun.
41. Með bréfi áfrýjunarnefndarinnar, dags. 15. júlí 2022, var kæranda gefið tækifæri til að gera athugasemdir við greinargerð Neytendastofu. Engar frekari athugasemdir bárust frá kæranda.

NIÐURSTADA

42. Í máli þessu leitar kærandi endurskoðunar á þeim hluta hinnar kærðu ákvörðunar sem lýtur að því að leggja sekt á kæranda að fjárhæð 1.000.000 króna og krefst þess að hún verði felld úr gildi eða sektarfjárhæð lækkuð. Þótt kærandi leiti þannig ekki endurskoðunar á þeim hluta ákvörðunarinnar sem lýtur að því að kærandi hafi brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 57/2005 og reglugerða settum samkvæmt þeim þykir rétt, að því marki sem umræddar reglur koma til skoðunar við mat á tilefni og fjárhæð stjórnvaldssektarinnar, að fjalla stuttlega um efni reglnanna og brot þau er Neytendastofa sló föstum með hinni kærðu ákvörðun. Sem fyrr greinir var þar lagt til grundvallar að kærandi hefði, með því að birta ekki endanlegt verð í auglýsingum sínum, brotið gegn 1. mgr. 8. gr. og f. lið 1. mgr. 10. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þá var talið að hann hefði, með því að halda því ranglega fram að félagið væri um það bil að hætta starfsemi í Reykjavík og flytja til Akureyrar og að vörur kæranda yrðu aðeins fáanlegar í mjög stuttan tíma, brotið gegn 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr. laganna og 7. og 15. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009 um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.
43. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 57/2005 eru óréttmætir viðskiptahættir bannaðir. Gildir þetta bann áður, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Samkvæmt ákvæðinu er í III.-V. kafla laganna nánar tilgreint hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir. Þannig segir í 1. mgr. 8. gr. að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. skal fyrirtæki sem hyggst auglýsa eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum vegna tiltekinnar vöru eða þjónustu síðan, eftir því sem við á og að teknu tilliti til auglýsingamiðilsins sem nýttur er, meðal annars veita upplýsingar um helstu eiginleika vörunnar og endanlegt verð, þ.m.t. virðisaukaskatt og önnur opinber gjöld, sbr. a. og f. liði málsgreinarinnar.

44. Í reglugerð nr. 160/2009 um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, sem sett er með heimild í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005, er nánari grein gerð fyrir því hvað telst til viðskiptahátta þeirrar gerðar sem lýst er í heiti reglugerðarinnar. Þar er m.a. gert ráð fyrir því í 7. tölul. 1. gr. að það teljist undir öllum kringumstæðum óréttmætt að halda því ranglega fram að vara verði aðeins fáanleg í mjög stuttan tíma eða að hún verði aðeins fáanleg með tilteknum í skilmálum í mjög stuttan tíma, í því skyni að fá neytandann til að taka skyndiákvörðun svo að hann hafi hvorki tíma né tækifæri til að taka upplýsta ákvörðun. Hið sama gildir um að halda því ranglega fram að söluaðili sé um það bil að hætta verslun eða flytja sig um set, sbr. 15. tölul. 1. gr. reglugerðarinnar.
45. Af hálfu kæranda er því hvorki mótmælt að í auglýsingar hans 21. desember 2021 hafi vantað upplýsingar um endanlegt verð né að hann hafi með öðrum auglýsingum sínum gefið til kynna að verslunin væri að hætta eða færa sig um set. Kærandi byggir á hinn bóginn á því að um léttvæg brot hafi verið að ræða auk þess sem fyrir liggir að margir aðrir hafi komist upp með að auglýsa vörur án þess að tilgreina endanlegt verð. Það leiði því af jafnræðisreglu 11. gr. stjórnarsýslulaga að stofnun geti ekki lagt sekt á kæranda á þeim forsendum sem gert hafi verið. Hvað varðar fullyrðingar í auglýsingum kæranda um að verslunin yrði einungis opin í nokkra daga í senn byggir kærandi á að óumdeilt sé að sú fullyrðing hafi verið rétt, enda hafi verslunin ekki verið opin að staðaldri heldur eftir hentugleika í eina helgi eða svo. Í öllu falli séu brot kæranda svo léttvæg að fella beri ákvörðun um sekt úr gildi.
46. Hvað sem líður vangaveltum kæranda um alvarleikastig háttsemi hans er samkvæmt framangreindu ljóst að með því að veita ekki upplýsingar um endanleg verð þeirra vara sem kærandi auglýsti braut hann gegn f. lið 10. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005. Þá braut kærandi gegn 7. og 15. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009 og 8. gr. laga nr. 57/2005 með fullyrðingum sínum um að verslunin yrði einungis opin í nokkra daga og að flutningar væru fyrirhugaðir þegar fyrir liggur að sú var ekki raunin. Breytir engu í þeim efnum þótt verslun kæranda hafi sannanlega verið lokað inn á milli eins og kærandi bendir á. Að mati áfrýjunarnefndarinnar voru fullyrðingar á borð við „Krisu-útrýmingarsala“, „Nú opnum við vöruhúsið fyrir almenning í aðeins 2 daga!“ ásamt fullyrðingum þess efnis að aðeins yrði opið í nokkra daga til þess fallnar að telja neytendum trú um að vörur kæranda yrðu senn ófáanlegar án þess að tilefni hafi verið til slíkra ályktana. Auk þess er í þessu sambandi til þess að líta að yrðu röksemdir kæranda teknar til greina hvað þetta varðar fæli það í sér að söluaðilum væri í lófa lagið opna og loka starfsemi sinni með reglulegu millibili til þess eins að geta auglýst fyrirhugaða lokun í hvert skipti. Þá verður ekki tekið undir það með kæranda að jafnræðisregla 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 standi því í vegi að lögð sé á hann sekt, enda ljóst að sú staðhæfing kæranda að aðrir hafi komist upp með háttsemi sem feli í sér brot gegn lögum nr. 57/2005 getur ekki leitt til þess nú frekar en endranær að lögbrot annarra geri sambærilega háttsemi þess sem beittur er viðurlögum heimila af þeim sökum, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 23. október 2008 í máli nr. 491/2007. Enn fremur er að mati nefndarinnar alls ósönnuð sú fullyrðing kæranda að Neytendastofa hafi látið brot gegn f. lið 10. gr. laga nr. 57/2005 óátalin hingað til.

47. Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. 1. lið sömu greinar. Í 3. mgr. 22. gr. laganna er mælt fyrir um að sektir geti numið allt að 10 milljónum króna. Af framangreindu og gögnum málsins er ljóst að með fyrrgreindri háttsemi sinni braut kærandi gegn bæði lögum nr. 57/2005 og reglum nr. 160/2009. Brotin áttu sér stað eftir afskipti Neytendastofu af kæranda í kjölfar eldri auglýsinga hans og mátti kæranda vera fullljóst að stofnunin hafði efni auglýsinga hans til skoðunar og taldi framsetningu þeirra ábótavant í ýmsum atriðum. Við þessar aðstæður, og þar sem telja verður brot kæranda á 7. og 15. tölulið reglna nr. 160/2009, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 alvarleg, var Neytendastofu rétt að leggja á kæranda stjórnvaldssekt vegna umræddra brota, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005.
48. Við endurskoðun á ákvörðun stofnunarinnar um fjárhæð sektarinnar er auk framangreinds til þess að líta að brot kæranda voru ítrekuð, enda gaf auglýsingaefni hans veturinn 2021 margoft til kynna að næstu daga væru síðustu forvöð að fjárfesta í teppum kæranda. Brotin voru að mati nefndarinnar alvarleg og til þess fallin að raska verulega fjárhagslegum hagsmunum neytenda eins og réttilega greinir í hinni kærðu ákvörðun. Með vísan til þessa, en að öðru leyti með hliðsjón af því að sektarákvörðun í málinu var vel innan þeirra marka sem miðað er við í 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, er það mat nefndarinnar að fjárhæð sektar hafi verið í hóf stillt og að hún hafi eins og á stóð verið byggð á málefnalegum sjónarmiðum. Verður hin kærða ákvörðun því staðfest.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er staðfest

Halldóra Þorsteinsdóttir

Áslaug Árnadóttir

Gunnar Páll Baldvinsson